



Alþingi
Erindi nr. P 139/139S
komudagur 18.2.2011

KÓPAVOGSBÆR
Fannborg 2
200 Kópavogur
Sími: 570 1500
Fax: 570 1501
www.kopavogur.is

Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Kópavogi, 14.02.2011
11011092/001.01 SS

Efni: Frumvarp til laga um fjöleignahús, óskað umsagnar

Á fundi bæjarráðs Kópavogs þann 10. febrúar sl., var lögð fram umsögn sviðsstjóra umhverfissviðs um frumvarp til laga um fjöleignahús (dýrahald) mál nr. 377.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,


Páll Magnússon
bæjarritari



Til bæjarráðs

Kópavogi, 07.02.2011
11011092/001.01 SI

Efni: Umsögn til bæjarráðs vegna frumvarps til breytinga á fjöleignahúsalögum (dýrahald).

Á fundi bæjarráðs þann 3. febrúar sl. var lagt fram erindi frá félags- og tryggingamálanefnd Alþingis, tölvup. dags. 31/1, óskað umsagnar um frumvarp til laga um fjöleignarhús (leiðsöguhundar o.fl.), 377. máli. Bæjarráð vísar erindinu til sviðsstjóra umhverfissviðs til umsagnar. Umrætt frumvarp hefur að geyma ný ákvæði um hunda- og kattahald í fjöleignarhúsum. Um er að ræða fjórar nýjar greinar og er efni þeirra eftirfarandi:

33. gr. a. Í greininni er sú meginregla staðfest að hunda- og kattahald í fjöleignarhúsi sé háð samþykki allra eigenda sem hafa sameiginlegan inngang og/eða stígagang. Í 2.–5. mgr. er að finna nánari útfærslu á þessari meginreglu. Eru þessar reglur í samræmi við gildandi rétt eins og reglur fjöleignarhúsalaganna hafa verið túlkaðar og framkvæmdar.

33. gr. b
Greinin hefur að geyma þá reglu að ekki þurfi samþykki annarra eigenda í fjöleignarhúsi eða stígagangi fyrir hunda- og kattahaldi þegar hvorki er um sameiginlegan stígagang né inngang að ræða. Þessi regla er einnig efnislega í samræmi við gildandi rétt og túlkun og framkvæmd laganna. Þar eru einnig sett nánari fyrirmæli um atriði eins og skyldu til að afla leyfis sveitarfélags, heimildir húsfélags til að setja reglur um hald hunda og katta í húsinu og til að banna það ef ónæði er af því og eigandi lætur ekki segjast við fortölur.

33. gr. c
Í greininni eru sameiginlegar reglur sem eiga bæði við um hunda- og kattahald þegar samþykki allra liggur fyrir, sbr. 33. gr. a, og þegar það er fjálst skv. 33. gr. b. Þar eru hunda- og kattahaldi settar ýmsar skorður af tilliti til þeirra sem í húsinu búa. Í 4. mgr. eru úrræði við brotum eiganda dýrs á skyldum sínum gagnvart sambýlisfólki sínu.

33. gr. d
Í greininni eru fyrirmæli um leiðsögu- og hjálparhunda í fjöleignarhúsum. Er um nýmæli að ræða. Samkvæmt 1. mgr. er fötluðu fólki heimilt að halda leiðsögu- eða hjálparhund í íbúð sinni án þess að þurfa til þess leyfi eða samþykki frá öðrum eigendum og gilda þá ekki takmarkanir sem hundahaldi eru settar í 33. gr. a – 33. gr. c. Samkvæmt 3. mgr. skal þinglýsa yfirlýsingu um það að leiðsögu- eða hjálparhundur sé í húsinu og vekja athygli á því í yfirlýsingu húsfélags við sölu. Í 4. mgr. eru fyrirmæli um það hvemig með skuli fara þegar leiðsögu- eða hjálparhundur veldur ofnæmi annars íbúa.

Fyrstu þrjár greinarnar eru í samræmi við þá framkvæmd sem er í gangi í dag. Í ákvæðunum er tekið fram að afla þurfi leyfis viðkomandi sveitarfélags ef um skráningarskylt dýr er að ræða.

Grein 33d. er nýmæli og veitir hún heimild til að halda leiðsögu- og hjálparhunda án samþykkis annarra eigenda. Ákvæði þetta varðar fyrst og fremst hagsmunir notenda leiðsögu- og hjálparhunda, húseigenda og ofnæmissjúklinga.

Ekki er lagt til að Kópavogsbær geri athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt,

Steingrímur Hauksson

Sviðsstjóri Framkvæmda og tæknisviðs